

### 3. fundur Skólaráðs – 18.janúar 2024.

Mættir: Sigrún Jóna Eydal, Brynja Ásdís Einarsdóttir, Ester Petra Gunnarsdóttir, fulltrúar foreldra, Nína Sólveig Svavarsdóttir og Tómas Heiðar Helgason, fulltrúar nemanda voru ekki á fundinum, Sólveig Baldursdóttir forfallast og Þórhildur Halla Jónsdóttir var veik, fulltrúar kennara, Sigurlaug M. Ómarsdóttir, fulltrúi starfsmanna var veik, Valgerður Júlíusdóttir, aðstoðarskólastjóri.

#### Dagskrá:

1. Öryggi og aðbúnaður skólahúsnæðis
2. Kynning á niðurstöðum nemendakannana
3. Úrvinnsla lýðræðisþings
4. Undirbúningur fyrir skólaþing – efni og dagsetning
5. Önnur mál

**1. Öryggi og aðbúnaður skólahúsnæðis.** Öryggistrúnaðarmenn Birkir og Margrét. Fylgja eftir málum og fara yfir skólahúsnæðið, gera áhættumat. Búið að skrifa bréf um lýsingu og umferð í næsta nágrenni skólans.. Aðbúnaður beðið er enn eftir að fá loftræstikerfi í gang í einni af álmum skólans.

**2. Kynning á niðurstöðum nemendakannana.** Áhugi á lestri, stærðfræði, náttúrufræði fer niður á við, líðan nemenda og trú á eigin hæfni einnig. Einelti mælist mun minna en á landsvísu sem er jákvætt. Rætt um ákveðna árganga þar sem verið er að vinna í til dæmis í náminu og viðhorfi til náms.

Góðar umræður áttu sér stað og ýmsar hugmyndir komu fram.

**3. Úrvinnsla lýðræðisþings.** Úrvinnslan er enn í gangi á mánaðarlegum fundum þar sem unnið er að verkefnum með nemendum.

**4. Hugað að undirbúningi fyrir skólaþing – efni og dagsetning.** Ein hugmynd að efni rætt, gæti t.d. verið að fá fyrirlestur um netnotkun fyrir foreldra. Gott væri að sameinast um að hvíla símana á skólatíma og skoða hvað getum við gert í staðinn í frímínútum. Kaupa sófa, borðtennisborð, biljard, spil og fleira í boði.

#### 5. Önnur mál.

Fleira var ekki rætt – fundi slitið kl.9:40

Næsti fundur verður í mars 2024

Ritari: Hrönn Bergþórsdóttir